

Nd.

138. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita Björgunarfjelagi Vestmannaeyja allt að 50 þúsund króna viðbótarstyrk til að kaupa björgunarbát, í viðbót við styrk þann, er heimilað er að veita í þingsályktunartillögu 11. júní 1918 í þessu skyni.

Styrkveitingin er sömu skilyrðum bundin og styrkveitingin í nefndri tillögu.